



Fréttatilkynning 10. mars 2004

Íbúðalánasjóður eflir áhættu- og fjárstýringu sína

Íbúðalánasjóður hefur fengið til liðs við sig sænska ráðgjafafyrirtækið Capto Financial Consulting til aðstoðar við enduruppbyggingu áhættu- og fjárstýringarkerfis Íbúðalánasjóðs. Ráðgjafafyrirtækið mun aðstoða Íbúðalánasjóð við uppbyggingu vinnuferla innan nýstofnaðs Áhættustýringarsviðs og endurskipulagningu vinnuferla innan Fjármögnunar- og fjárstýringarsviðs. Þá mun fyrirtækið aðstoða við val á hugbúnaði til áhættustýringar og stjórna innleiðingu á nýju áhættustýringarkerfi Íbúðalánasjóðs.

Gert er ráð fyrir að vinnu við endurskipulagningu og uppsetningu á nýju áhættu- og fjárstýringarkerfi Íbúðalánasjóðs muni ljúka 1. maí. Sjóðurinn verði þannig mjög vel í stakk búinn til að takast á við aukin verkefni á sviði áhættu- og fjárstýringar í kjölfar fyrirhugaðra breytinga á skuldabréfaútgáfu sjóðsins, en gert er ráð fyrir að frá og með 1. júlí muni Íbúðalánasjóður einungis veita peningalán.

Capto Financial Consulting er eitt öflugasta ráðgjafafyrirtæki Svíþjóðar á sviði áhættu- og fjárstýringar og var áður hluti hins þekkta sænska fyrirtækis ABB.

Meðal þeirra fyrirtækja sem leitað hafa til Capto við endurskipulagningu áhættu- og fjárstýringarkerfis er ABB, Seðlabanki Svíþjóðar, Andra AB-fonden, sem er einn stærsti lífeyrissjóður Svíþjóðar, Svensk Export Kredit, SEB Skandinaviska Enskilda Banken, OM sem rekur sænsku kauphöllina, SEB, Industri Kapital, Carnegie, Volvo, Securitas, Assa Abloy, Eectrolux, Sandvik. SKF og ISS.

Nánari upplýsingar gefur Hallur Magnússon Íbúðalánasjóði, s. 569 6911 & 897 5686.

Ath. meðfylgjandi er mynd.

Myndtexti:

Guðmundur Bjarnason framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs og Joakim Hörwik aðstoðarforstjóri Capto Financial Consulting við undirritun samnings um uppbyggingu áhættu- og fjárstýringarkerfis Íbúðalánasjóðs.